

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu á lóð Húnavallaskóla í Húnavatnshreppi.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps samþykkti þann 28. febrúar 2007 breytingu á deiliskipulagi á lóð Húnavallaskóla. Deiliskipulagsbreytingin felst í því að gert er ráð fyrir sparkvelli austan íþróttavallar, einu nýju íbúðarhúsi, leikskóla, fjölgun á bílastæðum og tjaldsvæði norðvestan við skólabyggingu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Húnavöllum, 5. júní 2007.

Jens P. Jensen, sveitarstjóri Húnavatnshrepps.

B-deild – Útgáfud.: 20. júní 2007